

Alþingi Íslendinga
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. nóvember 2003

Tilvísun: FEL03020067/0005/PGB/--

Umsögn Fjölskylduráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 88 mál, sérstakur tekjuskattur, viðmiðunarfjárhæðir ofl.

Fram kemur í frumvarpinu að lagt er til að útreikningum vaxtabóta verði breytt með það að markmiði að draga úr frekari skuldsetningu heimilanna í landinu.

Fjölskylduráð telur að þessi áform þ.e. að draga úr vaxtabótum muni íþyngja mörgum heimilum sem hafi reiknað með a.m.k. jafnháum vaxtabótum og þegar það gerði húsnæðis kaup sín. Fjölskylduráð telur að stjórnvöld eigi að setja sér þau almennu markmið gagnvart fjölskyldufólki, að fjölskyldur geti gert langtímaáætlanir um fjármögnun húsnæðiskostnaðar. Fjölskylduráð telur mjög óeðlilegt að kynna með þessum hætti breytingar á skattstofnum og útreikningum skatta sem geta með þeim hætti kollvarpað áætlunum fólks í húsnæðismálum og þannig stefnt fjárlagslegri stöðu þeirra í mikinn vanda.

Þá bendir Fjölskylduráð á að þessi breyting getur íþyngt verulega fjölskyldufólki með þunga greiðslubyrði og háar skuldir.

Fjölskylduráð telur að þau markmið sem stjórnvöld hafa kynnt um hækkun lána til húsnæðismála fari ekki saman við lækkun vaxtabóta.

Fjölskylduráð mælir því gegn þessari breytingu í frumvarpinu.

Dnfa Sigfúsdóttir

/